



LEI2D02(1) Leiktækni III 2020

Námsáætlun, haustönn 2020

Kennari/kennarar:

Guðmundur Elías Knudsen

Netfang/netföng:

gudmundurk@bhs.is /
gummielias@gmail.com

Lýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á líkamann sem tjáningartæki og gera nemendur meðvitaða um líkama sinn og hreyfingar. Nemendur kanna margar ólíkar leiðir í dansi og hreyfingum til að tjá og túlka sögur, persónur, tilfinningar o.s.frv. Nemendur læra að aðlaga (umbreyta) hversdagshreyfingum í dans, hreyfa sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við eigin hreyfigetu.

Segja sögu án orða og búa til stutt hreyfimyndband 60sec-300sec sem sýnt verður í lok annar.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- því hvaða túlkunarmöguleikum dansinn býr yfir.
- því hvernig hægt er að nota líkamann sem tjáningartæki.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota líkamann til að tjá og túlka persónur, tilfinningar og sögur.
- sækja innblástur úr daglega lífinu til að búa til lítil dansleikhúsvverk

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skapa stutt dansverk út frá mismunandi forsendum.
- finna innblástur í daglega lífinu fyrir danshreyfingum og karakter sköpun.
- vinna saman að sköpun.
- nota líkama sinn til að túlka og tjá gefin viðfangsefni.
- auka líkamsfærni sína sem hægt er að nýta á skapandi hátt í spuna.
- öðlast betri líkamsvitund og skilning á möguleikum líkama síns.
- bæta hlustun og samvinnu í hóp.

bæta rýmisvitund sína.

Námsmat:

- **Video 50%**
- **Vinnuskýrsla x2 - 20%** (skil á vinnubók/skýrslu eftir kynningar, mínar þælingar og hvernig vinn ég úr þeim)
- **Símat 10%** (Mæting-Virkni í tímum)
- **Kennaramat 10%** (Frumleiki-Framsetning-Metnaður)



- **Sjálfsmat 10%**
- {Sundurliðað, tímasetningar í töflu á baksíðu}

Námsgögn:

- **Vinnubók (vinnuhefti/stílabók)**
- **Myndbands upptökuvél (Snjallsími/Myndavél/Spjaldtölva o.s.fr)**
- **Klippi og eftirvinnslu forrit**

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Myndbandið þarf að vera tilbúið fyrir 1. Desember



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	18.-21. ágúst	Kynning á áfanga - Efnistak fyrir hreyfimyndbandið kynnt - einstaklingsverkefni	
35	24.-28. ágúst	Gagnavinna fyrir hreyfimyndband. (bua til hreyfingar fyrir myndbanið)	
36	31.ág.- 4. sept.	Gagnavinna fyrir hreyfimyndband	
37	7.-11. sept.	Gagnavinna fyrir hreyfimyndband.	
38	14.-18. sept.	Kynningar: Fyrstu klippur syndar og kynntar (skila skýrlsu#1) Hópavinna – uppbyggileg gagnrýni á efni sem er komið	
39	21.-25. sept.	Niðurstaða hópavinnu ræt og efni aðlagað	
40	28.sept- 2. okt.	Gagnavinna fyrir hreyfimyndband	Varða I
41	5.-9. okt.	Gagnavinna fyrir hreyfimyndband	
42	12.-16. okt.	Gagnavinna fyrir hreyfimyndband	
43	19.-23. okt.		Hausthlé
44	26.-30. okt.	Kynningar: Ferlið upp að þessu sýnt (skila skýrlsu#2) Hvað virkaði og hvað ekki, breytingar? Hópavinna - uppbyggileg gagnrýni á efni sem er komið	
45	2.-6. nóv.	Eftirvinnsla	Varða II
46	9.-13. nóv.	Eftirvinnsla	
47	16.-20. nóv.	Efnið fullklárað og tilbúið - Skil á video og Sjálfsmat	
48	23.-27. nóv.	Efnið fullklárað og tilbúið - Skil á video og Sjálfsmat	
49	30.nóv.- 4. des.	Skil á video og Sjálfsmat	
50	7.-11. des.		Kennslu lýkur
51	14.-17. des.	Einkunnaskil	Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.